**Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar**

**Kennsluáætlun skólaárið 2019/2020**

# Náttúrufræði 4. bekkur

Í náttúrufræði eru þrjár kennslustundir á viku í 4. bekk. Kennarar eru Ásta Kr. Guðmundsd. Michelsen og Sigurveig Sædís Jóhannesdóttir

## Vinnulag

Hér ætlum við að fræðast um að kynna okkur lífríkið í fersku vatni á Íslandi. Innglagnartímar, þar sem farið er í kennsluefnið, verkefnavinna og vettvangsferðir. Útikennsla að einhverju leiti.

Meginviðfangsefni haustannarinnar eru: **Hornsíli**, **vatnið í náttúrunni** (þú og vatnið, lífverur í fersku vatni, vatnasvið og vatnaskil, ár, vörn og mýrar í heimabyggð, aldur stöðuvatna, ár og mýrar), **vatn er einstakt efni** (eiginleikar vatns, hringrás vatns í náttúrunni og grunnvatn), **aðferðir og tæki** (athugun og tilraun og tæki til að nota við athuganir) og **vettvangsferðir og athuganir** (undirbúningur vettvangsferðar, hópar lífvera í fersku vatni, vinnubrögð og ábendingar, úrvinnsla úr vettvangsferð).

Meginviðfangsefni vorannarinnar eru: **Tilraunir og ræktun**, **lífverur í fersku vatni** (dýr í fersku vatni, vatnaplöntur, þörungar og bakteríur), **samfélög lífvera og vistkerfi** (samfélög lífvera, áhrif ferskvatns á samfélög lífvera og vistkerfi ferskvatns), **vistkerfi Þingvallavatns** (hvernig varð Þingvallavatn til?, upplýsingar um Þingvallavatn, lífið í Þingvallavatni og framtíð Þingvallavatns) og **vísindamennirnir og vatnið.**

## Meginmarkmið

- Að auka vitund nemenda um ferskt vatn, lífríkið sem í því býr og um áhrif mannsins á náttúruna
- Að fram fari hvetjandi og fjölbreytt náttúrufræðinám, sem byggir á nánasta umhverfi og reynslu nemenda og hafi þýðingu fyrir þá.
- Að auka skilning nemenda á tengslum lífvera ferskvatns innbyrðis og við annað í náttúrunni
- Að nemendur læri af eigin raun merkingu hugtaka um náttúruna og vistkerfi hennar og þjálfist í að nota þau
- Að nemendur öðlist færni til að athuga og hugsa um ferskt vatn í náttúrunni, lífríki þess og áhrif mannsins á það
- Að efla þekkingu og skilning á náttúru heimabyggðar og á íslenskri náttúru

# Vinnuáætlun

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið – notuð við námsmat | Afurð / Námsmat |
|---|---|---|---|
| Vatnið í náttúrunni<br><br>Vatn er einstakt efni<br><br>Aðferðir og tæki<br><br>Vettvangsferðir og athuganir<br><br>Tilraunir og ræktun<br><br>Lífverur í fersku vatni<br><br>Samfélög lífvera og vistkerfi<br><br>Vistkerfið Þingvallavatn<br><br>Vísindamennirnir og vatnið | Lífríkið í fersku vatni<br><br>Þemaheftið Hornsíli<br><br>Vettvangsferðir<br><br>Útikennsla | • útskýrt áhrif aðlögunar lífvera að umhverfinu á afkomu þeirra og líffræðilegan fjölbreytileika<br>• útskýrt aðlögun lífvera að umhverfinu og hvernig hún gerir þær hæfari til að lifa af og fjölga sér<br>• sagt frá reynslu sinni og upplifun af lífverum í náttúrulegu umhverfi<br>• greint frá ábyrgð sinni á verndun náttúrunnar og bent á leiðir til að bæta eigið umhverfi og náttúru<br>• sagt frá einkennum nokkurra plantna og dýra og greint frá stöðu þeirra í náttúrunni, tengslum þeirra innbyrðis og við umhverfi sitt<br>• lýst einkennum lífvera í og við vatn og sjó og tengslum þeirra innbyrðis og við umhverfi sitt<br>• útskýrt áhrif aðlögunar lífvera að umhverfinu á afkomu þeirra og líffræðilegan fjölbreytileika<br>• útskýrt aðlögun lífvera að umhverfinu og hvernig hún gerir þær hæfari til að lifa af og fjölga sér<br>• sagt frá reynslu sinni og upplifun af lífverum í náttúrulegu umhverfi<br>• greint frá ábyrgð sinni á verndun náttúrunnar og bent á leiðir til að bæta eigið umhverfi og náttúru | Þættir sem horft er á við námsmat eru eftirfarandi:<br>• Verkefnamöppur<br>• Þátttaka í kennslu<br>• Virkni nemenda |

Bæði nemendur og foreldrar eru síðan hvattir til að fylgjast reglulega með skráningum á mentor.is, bæði skráningum um námsmat og um heimanám/viðfangsefni.

## Námsmat

Námsmat byggir á þeim hæfniviðmiðum sem tilgreind eru með hverju viðfangsefni hér að ofan. Matið fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið. Sjá nánari umfjöllun um námsmat á vef skólans undir **Námsmat**. Einkunn fyrir námsárangur verður gefin tvisvar í vetur, í janúar og vetrarlok.

Með ósk um gott gengi,

Ásta Kr. Guðmundsd. Michelsen

Sigurveig Sædís Jóhannesdóttir